

Ársskýrsla

Bókasafns Dalvíkurbyggðar

2012



Dalvík 2013

Inngangur

Bókasafn Dalvíkurbyggðar er rekið af Dalvíkurbyggð samkvæmt lögum um almenningsbókasöfn. Markmið safnsins er að vera íbúum sveitarfélagsins og gestum þess miðstöð upplýsinga, menntunar og afþreyingar. Safninu er stjórnað af menningarráði sem í eiga sæti Freyr Antonsson formaður, Þóra Rósa Geirsdóttir og Hlín Torfadóttir. Menningar- og fræðslufulltrúi er Hildur Ösp Gyldfadóttir.

Bókasafnið er í menningarhúsinu Bergi v/Goðabraut og deilir þar rými með kaffihúsi. Talsverðar breytingar urðu á starfsemi safnsins á árinu m.a. vegna breytinga á opnunartíma, húsnæðis og í starfsmannamálum.

Húsnæðismál

Húsnæði safnsins í Bergi hefur verið almennt rými og lítil skrifstofa inn af afgreiðslu. Auk þess sameiginleg salerni fyrir starfsfólk og almenning. Tengigangur neðanjarðar á milli ráðhúss og Bergs er nýttur sem geymsla bókasafnsins. Alls eru þetta 1??? m² Þann 1. september var skrifstofa og vinnurými afhent Bergi til ráðstöfunar vegna aðstöðuleysis í Kaffihúsi og vinnuaðstaða starfsmanna bókasafnsins flutt á efri hæð. Þar er sameiginleg skrifstofa framkvæmdastjóra Bergs og forstöðumanns bókasafnsins. Við þessar breytingar stækkaði húsnæði bókasafnsins um 1 m².

Aðrar breytingar á húsnæði voru þær helstar að barnahorn var stækkað með því að flytja eina hillustæðu yfir að sófahorni við tímaritastand. Barna og unglingaefni er nú blandað saman og keyptir voru tveir grjónapokar sem sérstaklega eru ætlaðir eldri börnum og unglingum.

Starfsmannamál á árinu.

Stöðuhlutfall safnsins var á árinu 1,4 sem skiptist þannig að Sigurlaug Stefánsdóttir var í 65% starfi forstöðumanns fram til 1. júní og Rósa Þorgilsdóttir í 75% starfi bókavardar. Hans Friðrik Björnsson var ráðinn í 80% afleysingastarf frá 1. júní – 18. ágúst. Laufey Eiríksdóttir tók við starfi forstöðumanns 1. ágúst í 70% starfshlutfalli.

Rósa Þorgilsdóttir fór í veikindaleyfi þann 1. desember og í hennar stað kom Anna Baldvina Jóhannsdóttir sem fram að því var í 50% starfi á Héraðsskjalasafninu. Anna Baldvina hafði einnig komið að starfi í afgreiðslu safnsins vegna breytts opnunartíma og afleysinga.

Starfsmenn safnsins Laufey og Rósa sóttu 2ja tíma námskeið á Akureyri í upplýsingaleit í gegnum leitir.is sem starfsmenn Landskerfis bókasafna héldu í HA.

Starfsemin á árinu 2012

Opnunartími bókasafnsins var 1.1 – 1.10. mánudaga – fimmtudaga kl. 12:00-18:00. Á föstudögum 12:00 -17:00.

Frá og með 1. október var ákveðið að breyta opnunartímanum þannig að opnað var kl. 10:00 og lokað alla virka daga kl. 17:00. Einnig var ákveðið að gera tilraun með að hafa opið á laugardögum frá 14:00 – 17:00. Endurskoða þarf þessar breytingar á næsta ári og taka ákvörðun um framhaldið.

Breyttur opnunartími var auglýstur meðal forstöðumanna skólanna í sveitarfélaginu og þeim boðið að festa sér ákveðna morguntíma. Í framhaldi af því komust á fastar heimsóknir nemenda af Krílakoti á mánudagsmorgnum og nemenda í Dalvíkurskóla á fimmtudagsmorgnum.



Heimsóknir hópa.

Frá Krílakoti komu fjórir hópar ásamt tveimur starfsmönnum. Hver hópur kom 1 – 2 svar. Vegna ófærðar þurfti þó að sleppa 3 heimsóknum. Tveir hópar frá Kátakoti komu einnig.

Dalvíkurskóli sendi nemendur frá 4. – 9. bekk. Hver hópur fékk kynningu á safninu og húsakynnin voru sýnd. Nemendur 8. – 9. bekkjar fengu afhent lánþegaskírteini og þau hvött til að nýta sér þjónustu safnsins bæði núna og ekki síður þegar grunnskólanámi þeirra væri lokið og þau væntanlega nemendur í framhaldsskóla.

Nemendur í íslenskunámi hjá Símei komu í heimsókn ásamt kennurum sínum. Það voru alls þrjár hópar og þetta var hluti af námi þeirra að fá kynningu á bókasafninu og þjónustu þess. Nemendur fengu afhent frítt lánþegaskírteini sem þeir geta notað í eitt ár. Talsverður hópur erlendra íbúa er nú orðinn reglulegur notandi bókasafnsins.

Ársskýrsla Bókasafns Dalvíkurbyggðar



Hádegisfyrirlestrar á fimmtudögum.

Bókasafnið stóð fyrir fyrirlestraröð sem hófst í október. Fyrsti fimmtudagur hvers mánaðar var valinn og hófust allir fyrirlestrarnir kl. 12:15 og stóðu til 13:00. Ótrúlega vel gekk að fá fyrirlesara sem ekki fengu neina borgun aðra en að vera boðið í hádegishressingu á kaffihúsinu í Bergi. Eftirtaldir fyrirlestrar voru haldnir:

4. október - Sveinn Brynjólfsson jarðeðlisfræðingur - *Áhrif veðurs og landslags á snjóflóð í Svarfaðardal og nágrenni*. Gestir á fyrirlestrinum voru um 90 þar af talsverður fjöldi unglunga úr Dalvíkurskóla.
1. nóvember – Emil Björnsson leiðsögumaður með hreindýraveiðum – *Hreindýr á Austurlandi*. Þrátt fyrir leiðindaveður komu 35 gestir til að hlýða á fyrirlesturinn.
6. desember – María Steingrímsdóttir – *Jólasveinar á Dalvík*. Salurinn í Bergi troðfylltist þegar 140 gestir flyktust að, þar af voru margir áhugasamir nemendur Dalvíkurskóla.



Ársskýrsla Bókasafns Dalvíkurbyggðar

Sögustundir

Fjórar sögustundir fyrir börn voru haldnar á árinu og fjórir upplesarar aðstoðuðu okkur við þær. Í janúar kom Guðný Ólafsdóttir kennari, í febrúar Erna Þórey Björnsdóttir kennari, í apríl Þuríður Sigurðardóttir leikskólakennari og í desember Dagbjört Ásgeirsdóttir rithöfundur. Í tengslum við sögustundir fyrri hluta ársins var bókaormur úr pappír hengdur á vegg barnahornsins. Þegar barnahornið var opnað eftir stækkun í október var heppinn þátttakandi dreginn út og honum afhent bókgjöld.

Í ágúst var Dagbjört einnig með kynningu á nýútkominni bók sinni *Á veiðum með afa*.

Aðrar samkomur á vegum bókasafnsins

Besta barnabókin 2011 var valin af börnum sveitarfélagsins sem og annars staðar á landinu sem sameiginlegt verkefni almenningsbókasafna á landinu. Valin voru nöfn tveggja þátttakenda úr Dalvíkurbyggð og þeim veitt verðlaun safnsins á sumardaginn.



Vakin var athygli á degi bókasafnanna 17. apríl með ýmsu móti.

Í tilefni af norrænu bókasafnsvikunni 12. – 18. nóvember var dagskrá helguð unglíngum flutt í félagsmiðstöðina Víkurröst. Þar lásu 5 ungir knattspyrnumenn úr Reyni-Dalvík upp úr bókinni *Ég er Zlatan Ibrahimovich??*. Bókasafnið var auk þess með kynningu á bókum tengdum knattspyrnu og knattspyrnumönnum. Dagskráin var í samstarfi við félagsmiðstöðina og er vonandi upphaf að frekara samstarfi.



Ársskýrsla Bókasafns Dalvíkurbyggðar

22. nóvember var haldin bókaúvaka með upplestri úr nýútkomnum bókum. Leikfélag Dalvíkur sá um að útvega upplesara. Bókavökunni var valinn þessi tími þar sem þetta var síðasti starfsdagur Kaffihússins í umsjá þeirra Snæborgar Jónatansdóttur og Sigríðar Ingu Ingimarsdóttur. Starfsmenn bókasafnsins færðu þeim af því tilefni kveðjur og skilnaðargjafir.

Safnkostur, aðföng og útlán.

Safnkostur bókasafnsins var í árslok 2012 samtals 19.235 titlar eða 25.314 eintök. Eintökum hafði fjölgað um 1101 frá árinu 2011 en titlum um 487. Þessi munur á titlum og eintökum sýnir vel að innkaup safnsins eru í vaxandi mæli kaup á tímaritum og einnig á aukaeintökum vinsælla bókatitla.

Aðföng safnsins á árinu voru 1499 eintök. Á töflunni hér fyrir neðan má sjá hvernig aðföngin og grisjun skiptast á milli efnistegunda og til samanburðar aðfangatölur frá 2011. Aðföng eru ekki eingöngu keypt efni, heldur er um að ræða tengingar á eldra efni í geymslum og gjafir. Í desember barst safninu höfðingleg gjöf þegar Jolanta Piotrowska gaf safninu 20 pólskar bækur og myndaði þannig fyrsta vísinn að pólsku safnefni. Stefnt er að því að auka við þann safnkost. Margir velunnarar safnsins hafa einnig afhent safninu nýlegar og eldri bækur.



Hér má sjá yfirlit um aðföng og grisjun

Efnistegund	2011 aðföng	2012 aðföng	2012 grisjun
Bók	1094	1039	158
Hljóðbók	10	23	0
Innbundin tímarit	5	23	1
Tímaritshefti	487	394	34
Mynddiskar	21	20	6 (þar af 5 myndbönd)
Samtals	1609	1499	199

Ársskýrsla Bókasafns Dalvíkurbyggðar

Yfirlit yfir safnkost bókasafns Dalvíkurbyggðar

Efnistegund	Eintakafjöldi 2011	Eintakafjöldi 2012
Bækur	21.679	22.477
Hljóðrit (Snældur, CD, MP3)	75	96
Myndrit (Myndbönd, DVD)	209	226
Tímarit (innbundin þar með talin)	2246	2522
Annað	4	3
	24.213	25.314

Stór hluti safnkostsins er í geymslum safnsins í kjallara eða um 15.000 eintök. Gestir safnsins hafa verið hvattir til að kíkja í geymslurnar og velja þar safnefni og ennfremur hafa starfsmenn tekið upp safngögn og sett fram undir yfirskriftinni "Gullmolar úr geymslunni"

Virkir lánþegar í árslok voru 440 og hafði fjölgað um tæplega 100 frá árslokum 2009. Það er áhyggjuefni að þrátt fyrir fjölgun lánþega hefur útlánnum fækkað á milli ára og hafa ekki verið færri frá árinu 2008.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir fjölda lánþega og fjölda útlána

	2009	2010	2011	2012
Lánþegar	343	395	356	440
Útlán	14.275	14.844	15.126	13.881

Í febrúar var sú nýjung tekin upp að lánþegar með virkan tölvupóst fá sendar tilkynningar um yfirvofandi skiladag á gögnum og eins þegar um vanskil er að ræða. Lánþegar hafa einnig verið hvattir til að endurnýja sjálfir útlán sín í gegnum gegnir.is. Hefur þessi þjónusta reynst vel og lánþegar almennt ánægðir með hana.

Rafrænar áskriftir og önnur þjónusta við íbúa.

Bókasafnið sér um að greiða fyrir ýmsar áskriftir fyrir hönd annarra stofnana sveitarfélagsins. Þar má nefna landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum í gegnum **hvar.is**.

Safnið greiðir einnig fyrir landskerfi bókasafna fyrir hönd allra bókasafna í sveitarfélaginu þ.e. Dalvíkurskóla, Árskógarskóla auk almenningsafnsins og er tengiliður byggðarlagsins við það. Frumskráning gagna sem ekki er að finna í **gegni.is** fer fram á safninu. Á árinu 2012 voru ??? færslur skráðar á vegum DALAN (kóði safnsins í gegni.is).

Á árinu bættist við áskrift að **snara.is** sem er rafrænn aðgangur að ýmsum orðabókum, alfræðiritum, kortabókum og matreiðslubókum. Aðgangurinn takmarkast þó við tölvur sem tengjast ytri ip-tölu sveitarfélagsins.

Ársskýrsla Bókasafns Dalvíkurbyggðar

Upplýsingaþjónusta fyrir ferðamenn.

Við afgreiðslu safnsins var komið fyrir bæklingastöndum og skilti sem beindi ferðamönnum inn í anddyri Bergs var komið fyrir utan dyra. Starfsmenn bókasafnsins reyndu eftir bestu getu að sinna þessu verkefni en ljóst er að fyrirkomulagi þessarar starfsemi þarf að endurskoða og bæta fyrir næsta ár. Það fer ekki saman að sinna upplýsingagjöf til ferðamanna um leið og starfsmaður er að afgreiða útlán og aðstoða íbúa sveitarfélagsins.

Rekstraryfirlit bókasafns Dalvíkurbyggðar árið 2012

Tekjur	-385.216
Laun og launatengd gjöld	7.178.062
Vörukaup	2.448.264
Þjónustukaup	10.870.923
Samtals	20.228.652

Dalvík 20. mars 2013

Laufey Eiríksdóttir forstöðumaður